

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 188/2021

frá 30. júní 2021

um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073 frá 28. júní 2021 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 ⁽¹⁾.
- 2) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 10. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953) í V. viðauka við EES-samninginn:

„10a. **32021 D 1073:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073 frá 28. júní 2021 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 (Stjtið. ESB L 230, 30.6.2021, bls. 32).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„11a. **32021 D 1073:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073 frá 28. júní 2021 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 (Stjtið. ESB L 230, 30.6.2021, bls. 32).“

3. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/1073, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 230, 30.6.2021, bls. 32.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. júní 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2021 frá 30. júní 2021 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. júní 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
formaður.*

Clara Ganslandt

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.
⁽²⁾ Verður birt.